



Hugmyndabanki

GRÆNIR IÐNGARÐAR Í ÖLFUSÍ

Ölfus Cluster Samantekt:
Kolbrún Hrafnkelsdóttir Maí 2025

Tilgangur skýrslunnar er að draga fram lykilþætti sem mynda grunn að frekari stefnumótun um uppbyggingu grænna iðngarða í Ölfusi. Fjallað er um mögulegan ávinning verkefnisins, hugmyndir að rekstrar- og tekjumódeli, vinnu stýrihóps, möguleika á fjármögnun, þróun samkeppnishæfs atvinnulífs, tillögur að svæðaskipulagi og samskipti við helstu hagaðila.

Það er mikilvægt að sveitarfélagið, í nánun samstarfi við hagaðila, móti heildarsýn og skýra stefnu sem skapar frjóan jarðveg fyrir ný tækifæri og stuðlar að kraftmiklu og fjölbreyttu atvinnulífi. Stjórnendur sveitarfélagsins þurfa að taka virkan þátt í þessari vinnu og leiða þróunina með markvissum hætti, bæði í stefnumótun og framkvæmd. Ef vel tekst til, getur uppbygging græns iðngarðs í Ölfusi orðið lykilþáttur í því að skapa varanlegt samkeppnisforskot – ekki eingöngu í krafti efnahagslegs ávinnings, heldur einnig með því að takast á við samfélagslegar og umhverfislegar áskoranir af ábyrgð og framsýni.

Skortur á sjálfbærni viðmiðum í iðnaði hefur í för með sér eyðingu auðlinda, mengun, orkuskort, uppsöfnun úrgangs og neikvæða ímynd sem hindrar að lokum efnahagslega seiglu og samfélagslega velferð.

Græna iðnbyltingin stuðlar að aukinni verðmætasköpun með jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið að leiðarljósi

Sveitafélagið Ölfus

Sveitafélagið Ölfus býr yfir öflugum grunni fyrir uppbyggingu sjálfbærrar atvinnustarfsemi og hefur alla burði til að vera leiðandi á þessu sviði. Innan sveitafélagsins hefur verið unnið markvisst að eflingu atvinnulífsins á undanförunum árum og fjölmörg fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að hefja starfsemi á svæðinu. Samhliða hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu íbúabyggðar og bætta þjónustu, sem styður við vöxt og þróun samfélagsins í heild.

Landrými: Ölfus spannar um 736 km² og nægt rými er til staðar bæði fyrir atvinnustarfsemi og íbúabyggð. Á aðalskipulagi er um 400 hektara svæði vestan við Þorlákshöfn til atvinnustarfsemi en auk þess eru tækifæri á stækkunarmöguleikum. Nægt rými er til uppbyggingar íbúabyggðar og hefur íbúavöxturinn verið hraður undanfarin ár. Þetta endurspeglar bæði vaxtargetu og aðdráttarafl svæðisins.

Nálægð við þéttbýliskjarna: Svæðið staðsett innan við klukkustunda keyrslu frá höfuðborgarsvæðinu og stutt frá öðrum þéttbýliskjörnum á Suðurlandi og á Reykjanesi. Þetta felur í sér nálægð við þjónustu og stæðstu markaði ásamt aðgangi að um 80% vinnandi fólks landsins,

Aðgangur að vatni: Svæðið býr yfir miklum vatnsauðlindum, bæði á fersk- og saltvatni sem skapar einstakt tækifæri til uppbyggingar atvinnustarfsemi, t.d. á sviði matvælaframleiðslu.

Nálægð við orkustrauma: Sveitafélagið er mjög ríkt að hreinni orku og innan þess fer fram mikil orkuvinnsla á sviði jarðvarma, enda eru til staðar öflug há- og lághitasvæði innan sveitafélagsins. Unnið er að lagningu nýs jarðstrengs sem styrkir flutningsnet við miðlægt orkunet landsins sem styrkir enn frekar aðgang að orku fyrir svæðið.


Öflugar flutningaleiðir: Fjölbreyttar flutningsleiðir eru til staðar á sjó, landi og lofti.

- Þorlákshöfn er ein besta náttúrulega **höfnin** á suðurströnd Íslands og góð aðstaða fyrir skipaflutninga. Þaðan fara alþjóðlegar siglingar til helstu hafna Evrópu nokkrum sinnum í viku. Unnið er að frekari framkvæmdum og uppbyggingu hafnarsvæðisins sem eflir þessa flutninga enn frekar.
- Góðar tengingar eru við **þjóðvegakerfi** landsins og vegalengdir til höfðuborgarsvæðisins, helstu þéttbýliskjarna á suðurlandi og til alþjóðaflugvallarins í Keflavík eru stuttar. Þetta gerir vöruflutninga hagkvæma og skilvirka bæði frá hafnarsvæðinu og iðnaðarsvæðinu og tryggir greiðan aðgang að þjónustu og vinnumarkaðinum.
- Nýr 1800 km langur **sæstrengur** til Írlands var tekinn í notkun nýverið. Hann bætir verulega tengingar til Evrópu og Bandaríkjanna og opnar möguleika á fjölbreyttari starfsemi eins og t.d. tölvutengdum iðnaði og gagnaverum.

Skógrækt: Verkefni Þorláksskóga með 4620 hektara skóglendi er unnið í samvinnu við Land og skóg. Í verkefninu felast tækifæri til vistvænnar landnýtingar, kolefnisbindingar og útivistaruppbyggingar sem styður við jákvæða ímynd grænna iðngarða.

Atvinnulífið: Byggir á sterkum hefðum í sjávarútvegi og landbúnaði, mikil uppbyggingu á landeldi er á svæðinu. Þessi grunnur gefur tækifæri til að þróa áframhaldandi fjölbreyttara atvinnulíf í tengdri starfsemi s.s. við matvælaframleiðslu og á sviði lífrænna afurða. Ferðaþjónusta er vaxandi og býr sveitafélagið yfir náttúruperlum eins og Reykjadal, Hengilssvæðinu og Raufarhólshelli, og frekari uppbygging á gístiaðstöðu og afþreyingu styrkir atvinnulífið enn frekar.

Drifkraftar atvinnulífsins



Hugmyndafræði grænna iðngarða

Engar reglur eru fyrir hendi um rekstur eða skipulag grænna iðngarða hérlandis, heldur eru þeir misjafnir eins og þeir eru margir og á mismunandi þróunarstigi. Eftir er að móta mögulegar ívilanir og form þeirra hérlandis svo sem land, innviði, styrki eða skattaívilanir til iðngarðsáætlunarinnar. Vert er að hafa flokkunarreglugerð ESB um sjálfbæra atvinnustarfsemi (ESB taxonomy) og [leiðbeiningar](#) Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNIDO) og [staðla](#) til hliðsjónar við undirbúning grænna iðngarða.

Samkvæmt skilgreiningu stýrihóps Íslandsstofu er hugmyndin með grænum iðngörðum að gengið sé lengra en lög og reglur kveða á um. **Grænn iðngarður** hefur það markmið að auðvelda bæði garðinum í heild og fyrirtækjum innan garðsins að uppfylla skilyrði þess að vera sjálfbær atvinnustarfsemi með samlegð í skipulagi, innviðum, hringrásarkerfi, aðgengi að hráefni, sjálfbærnimarkmiðum og árangursvísam.

Sjálfbær atvinnustarfsemi fylgir einu eða fleirri af sex umhverfismarkmiðum ESB fyrir sjálfbæra atvinnustarfsemi. Starfsemin þarf að stuðla verulega að því að ná einu eða fleiri af þessum markmiðum á sama tíma og hún má ekki valda umtalsverðu tjóni á öðrum markmiðum og fylgja lágmarksvernd varðandi mannréttindi og viðskipti.

1. Mildun loftslagsbreytinga 2. Aðlögun að loftslagsbreytingum 3. Sjálfbær notkun og verndun vatns og auðlinda sjávar 4. Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi 5. Mengunarvarnir og -eftirlit 6. Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Sjálfbærismarkmið

Eftirfarandi tillögur hafa komið til umræðu, meginmarkmið og eitt eða fleiri hliðarmarkmið.

Sjálfbær notkun og verndun vatns og auðlinda sjávar

Vatnsauðlind svæðisins er mjög verðmæt og auk þess hefur sjávarútvegur og auðlindir sjávar skipað mikilvægan sess í atvinnusögu svæðisins. Vatnsauðlindin gegnir lykilhlutverki í þeirri starfsemi sem er að byggjast upp á svæðinu. Ákveðin áhersla er á umhverfissvæna matvælastarfsemi og nútíma aðferðir við framleiðslu á próteini og öðrum lífrænum afurðum, til dæmis á sviði landeldis.

Forðast þarf starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á sjálfbærnimarkmið iðngarðsins, enda myndi það ekki samræmast hagsmunum svæðisins og fyrirtækjanna sem þar starfa. Mikilvægt er að huga sérstaklega að aðilum sem gætu haft áhrif á vatnsauðlindina eða munu veita vatni eða vökva út í sjó eða vera með starfsemi sem gætu haft áhrif á umhverfi grunnvatns eða sjávarins á svæðinu, svo sem fráveitukerfi sveitafélagsins, hafnastarfsemi og bátaumferð, landeldisfélögin eða fyrirtæki sem vinna að efnistöku, dælingu eða flutningi.

Mengunarvarnir og eftirlit

Skilgreina skýr árangursmarkmið og mæta heildstæða áætlun um mengunarvarnir, umhverfissvöktun ogeftirlitinn iðngarðsins. Fylgjast með þróun lykilumhverfisþátta í dæmis ástand grunnvatns og sjávar, jarðvegs og gróðurs, loftgæða, lyktar- og hávaðamengunar, fugla- og dýralífs eða líffræðilegs fjölbreytileika. Tryggja viðbætur og viðhald með meðhöndlun úrgangs, losun efna, virkni mengunarvarnabúnaðar eða þróa og innleiða sameiginlegar lausnir innan garðsins, til dæmis fyrir fráveitu, sorpflokkun og meðhöndlun hliðarafurða.

Félagið Hydros, sem nú gegnir sameiginlegu eftirliti með vatnsauðlindum svæðisins, gæti tekið að sér viðtækara hlutverk á sviði umhverfissvöktunar og eftirlits. Slíkt þyrfti að þróa í nánú samstarfi við fyrirtæki innan iðngarðsins og aðra hagaðila. Huga þarf vel að hagkvæmi og kostnaðar aðgerða þar sem þær eiga ekki að vera of þyngjandi eða óeðlilegar kröfur á fyrirtækin eða sveitafélagið.

Mildun loftlagsbreytinga

Þar myndi Þorláksskógaverkefnið gegna mikilvægu hlutverki og væri jafnvel hægt að huga sé að þar skapaðist tækifæri til að kolefnisjafna sveitafélagið. Metnaðarfullt verkefni þar sem kolefnisbókhald var þróað og væri hægt að aðlaga það og útvíkka með þetta að markmiði. Mógulegt væri að þróa samræmt kerfi fyrir fyrirtæki sem starfa innan grænna iðngarða til að halda utanum kolefnisbókhaldið og setja upp áætlun um hvernig hægt sé að lágmarka áhrif á loftslagsbreytingar innani iðngarðsins. Hugsanlegt væri að hægt væri að sækja um styrk til að fjármagna slíkt verkefni.

Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi

Iðngarðurinn er hannaður með það að markmiði að hámarka nýtingu auðlinda með samnýtingu efnis- og orku-strauma og samþættri stjórnun á innviðum, úrgangsmálum og auðlindanotkun. Slík samvirkni milli fyrirtækja eykur rekstrarhagkvæmni, dregur úr umhverfisáhrifum og styður við markmið um kolefnishlutleysi og sjálfbæra þróun.

Miðlæg kortlagning væri framkvæmd á helstu efnisstraumum þeirra fyrirtækja sem starfa innan garðsins og í samvinnu við hagaðila er leitað að tækifærum til að umbreyta úrgangi í verðmæti. Dæmi um slíka nálgun er áburðarframleiðsla sem nýtir lífræn úrgangsefni frá fiskeldi og landbúnaði til uppgræðslu í Þorláksskógum, eða nýting glatvarma frá gagnaverum og öðrum iðnaði til orkugjafar í landeldi.

Stjórnskipulag og uppbygging

Sveitafélagið Ölfus hefur unnið ötullega að uppbyggingu atvinnulífsins innan sveitafélagsins á undanförunum árum með það að markmiði að skapa hvetjandi umgjörð og jákvæð tengsl við nærsamfélagið. Innan aðalskipulags Ölfus er skipulagt um 400 hektara land á Hafnarsandi vestan við Þorlákshöfn fyrir iðnað og skylda starfsemi. Ölfus Cluster vinnur að því að móta og skipuleggja stofnun græns iðngarðs með sameiginlegt skipulag og framtíðarsýn.

Mikilvægt er að huga að jákvæðri ímynd, skynsamlegri nýtni auðlinda og sköpun fjölbreyttra atvinnutækifæra fyrir allt svæðið og skal þá m.a. horfa til atvinnustefnu sveitafélgsins. Hluti verkefnisins er að huga að öflugri uppbyggingu innviða, aðgang að orku og bættum samgöngum. Einnig þarf að huga að fjölbreyttum búsetumöguleikum og samhliða uppbyggingu á þjónustu bæði fyrir íbúa og fyrirtæki.


Fyrirmyndir

Við höfum leitað fyrirmynda og til að átta okkur betur á því hvaða áherslur við viljum setja varðandi uppbyggingu iðngarðsins. Við höfum víða borið niður og höfum skoðað og fræðst um uppbyggingu annarra iðngarða í þeim tilgangi að fræðast og læra af reynslu þeirra. Þeir iðngarðar sem við höfum horft til og kynnt okkur eru m.a.:

- Þróunarfélag Grundartanga, grænn iðngarður í Hvalfjarðarsveit
- Árbakki, grænn iðngarður á Bakka við Húsavík
- Jarðhitagarður ON, á Hellisheiði
- Kadeco, þ.á.m. vistvænan iðngarð í Helguvík-Bergvík
- Finnafjörður, uppskipunarhöfn og grænir iðngarðar á Langanesi
- Greenspot Mongstad, í Noregi

Hagaðilar verkefnisins

Mikilvægt er að vinna náið með hagaðilum verkefnisins á mótunartímanum og skilgreina frekar hlutverk og þarfir þeirra.



Stjórnunarlíkan

Við höfum við átt fundi með fjölmörgum hagaðilum verkefnisins sem eru sammála því að ef rétt er haldið á spöðunum muni stofnun græns iðngarðs fela í sér mikinn ávinningi fyrir samfélagið í heild og aukna samkeppnishæfni og hagræðingu fyrir fyrirtækin sem þar starfa. Ákveða þarf stjórnunarlíkan fyrir iðngarðinn í samstarfi við hagaðila. Heildaryfirumsjón og stjórnskipan þarf að vera til staðar fyrir iðngarðinn, þetta getur verið allt frá því að vera óformfast samstarf fyrirtækja á svæðinu yfir að vera sjálfstæður hagnaðardrifinn lögaðili.



*Grænir iðngarðar, tækifæri fyrir Ísland, september 2021, KPMG


Hlutverk aðilans er að framfylgja stefnu garðsins, vera vettvangur fyrir samskipti og samstarf aðila innan garðsins, vakta árangur við að ná fram þeim markmiðum sem honum hefur verið sett, að koma fram fyrir hönd iðngarðsins gagnvart utanaðkomandi aðilum, hafa umsjón með ímyndar- og kynningarmálum og halda utanum upplýsingagjöf og samvinnu við nærsamfélagið.

Stefnt er að því að setja upp einfalt fyrirkomulag í kringum stjórnskipulag iðnaðarsvæðisins en formið verður að fela í sér ásættanlegu áhættu fyrir sveitafélagið. Þörf er á náinni samvinnu við nærsamfélagið og fyrirtækin á svæðinu og huga þarf að þáttum eins og sjálfstæði, líttilli yfirbyggingu, stuttum boðleiðum og hraðri ákvarðanatöku, þjónustumiðaðri nálgun og sveigjanleika.

Lagt er til að mögulegt rekstrarform iðngarðsins verði unnið í samvinnu við sveitafélagið og fullmótað á undirbúningstímanum. Lagt er til að til að byrja með verði stjórnunin armur sveitafélagsins Ölfuss undir regnhlíf Ölfus Cluster. Í framhaldi verði skoðað hvort annað form sé æskilegt, til dæmis að mynda sjálfeignarstofnun þar sem fjármagnið fer í að byggja upp svæðið og samfélagið. Einnig má skoða hvort stjórnun verði sett í hendurnar á sjálfstæðum aðila sem kosti uppbyggingu svæðisins og verði hinn eiginlegi leigutaki og fjárfestir í innviðum fyrir svæðið og afhendi það svo sveitafélaginu að ákveðnum tíma liðnum en fyrirmynd af slíku stjórnskipulagi eru grænir iðngarðar í Finnafirði.

Skipulag

Skipulag iðngarðsins getur verið allt frá því að vera í áttina að sjálfstæðum rekstrareiningum sem reka hver sitt fyrirtæki á mikillar samnýtingar á milli fyrirtækja (veikur iðngarður) yfir í mikla samnýtingu innviða og efnisstrauma (sterkur iðngarður).



*Grænir iðngarðar, tækifæri fyrir Ísland, september 2021, KPMG

Í dag er uppsetning grænna iðngarða í Ölfusi meira í áttina að veikum iðngarði, en oft byrjar skipulagið þannig og færa sig svo nær sterkum iðngarði með tímanum. Ákveðin þróun hefur átt sér stað í þá átt til dæmis með stofnun Hydros sem sér um sameiginlega vöktun vatnsauðlindarinnar á svæðinu.

Grunnhugmyndir að hönnun svæðisins sjálfs eru á frumstigi. Hugsa verður út í hvernig hægt er að tengja skógræktarsvæðið, iðnaðarsvæðið, íbúarbyggð og útivistarsvæði saman þannig að þau verði skipulögð í samlífi og hugsað sé vel út í flutninga og flæði fólks.




Hugarflug hefur átt sér stað þar sem ýmsum hugmyndum hefur verið varpað fram en þörf er á að vinna frekar með aðkomu fagaðila.

Engar fyrirmyndir hafa verið skoðaðar þar sem iðnaðarsvæði er tengt við íbúarbyggð og útivistarsvæði en fyrirmyndir vel heppnaðra útivistarsvæða sem skoðuð hafa verið eru Guðmundarlundur í Kópavogi, Elliðarárdalur, Heiðmörk og Kjarnaskógur. Á þessum stöðum er ýmiskonar afþreying, útivist, skógrækt og þjónusta.

Kostnaðargreining

Ákveðnir lykilfasar í uppbyggingu iðngarðsins fela í sér mismunandi áskoranir og fjárþörf. Mikilvægt er að huga að fjármögnun fyrir stefnumótunar og undirbúningsfasa garðsins. Þegar uppbyggingarfasinn hefst eykst fjárþörfin og þá er mikilvægt að búið sé að hanna traust tekjumódel fyrir garðinn. Tekjumódelið gæti verið í formi leigutekna, þjónustutekna, aðstöðugjalda, álaga á efnisstrauma, styrkir, vottun og sala kolefniseininga eða blanda af þessum þáttum. Nauðsynlegt er að vinna að þróun tekjumóðelsins samhliða öðrum þáttum uppbyggingarinnar.



*Grænir iðngarðar, tækifæri fyrir Ísland, september 2021, KPMG

Áætlaður kostnaður fyrir stefnumótunar og undirbúningsfasa er háður því hvaða leið er valin. Grófleg kostnaðaráætlun við undirbúning og stofnun grænna iðngarða áætlaði um 60 m.kr. á ári í 4 ár. Helstu kostnaðarliðir eru laun- og launatengd gjöld, ráðgjöf (greiningar, skipulag, rekstrar og fjármálaráðgjöf), aðkeypt þjónusta, ferðakostnaður, skrifstofukostnaður og markaðs- og ímyndamál. Nauðsynlegt er að vinna að nákvæmu aðgerðar og fjármálaplani miðað við framgang fjármögnunar verkefnisins. Miða þarf við að fjármagn til að minnsta kosti 12 mánaða sé tryggt svo hægt sé að stilla verkefnið af miðað við það fjármagn sem er til staðar hverju sinni.


Mikilvægt er að halda áfram að leita leiða við fjármögnun á einstaka þáttum verkefnisins bæði með því að sækja um styrki innanlands sem utan ásamt því að kanna möguleika á fjármögnun hjá aðilum sem starfa innan garðsins.

Framsýn stjórnun og vistvæn hönnun garðsins með það að markmiði að:

- Nýta náttúrulegar og staðbundnar auðlindir á ábyrgan hátt
- Skapa fjölbreytt og sjálfbær atvinnutækifæri
- Draga úr umhverfisáhrifum
- Stuðla að hringrásarhagkerfi með samvinnu í stjórnun auðlinda, innviða og úrgangsmála
- Skapa aðlaðandi umhverfi fyrir nýsköpun og rannsóknir
- Laða að fjármagn
- Efla jákvæða ímynd iðnaðarsvæðisins og sveitarfélagsins

Næstu skref

Ákveðin hugmyndarvinna hefur verið unnin sem nota má sem grunn fyrir áframhaldandi stefnumótun verkefnisins í samstarfi við hagaðila og með aðkomu fagaðila til að vinna og útfæra ákveðnar sviðsmyndir fyrir iðngarðinn.




Lokaorð

Grænir iðngarðar í Ölfusi fela í sér tækifæri til verðmætasköpunar og samfélagslegrar uppbyggingar innan sveitafélagsins. Verkefnið snertir á mikilvægustu áskorunum samtímans – sjálfbærri þróun, umhverfisvernd og hagkvæmri nýtingu auðlinda.

Uppbygging græns iðngarðs í Ölfusi er metnaðarfullt verkefni og sveitafélagið býr yfir öflugum grunni fyrir uppbyggingu sjálfbærrar atvinnustarfsemi og hefur alla burði til að vera leiðandi á þessu sviði. Einstakt tækifæri er til að þróa sjálfbæra iðnaðarlausn sem stuðlar að aukinni samkeppnishæfni, hagræðingu með jákvæð áhrif á bæði samfélag og umhverfi.

Þær hugmyndir og tillögur sem fram eru settar í þessari skýrslu eru ekki fullunnar heldur fremur hugsaðar sem grunnur að áframhaldandi vinnu og greiningum sem lagðar verða til grundvallar við stefnumótun og uppbyggingu garðsins.

Ítarefni



Verkefnabanki

Atvinnulið og tækniþróun
Greining - val milli atvinnugreina Dókrættir atvinnuliðsins - mikilvægustu áhrifaþættir atvinnuuppbyggingar framtíðarinnar Nýsköpun og þróun - efling samstarfs við tækni og hugverkagelann
Meistarar og doktorsverkefni
Aðstaða fyrir tilraunir og uppskölun Skilgreina áðveðin svæði fyrir nýsköpunaryfirtækni. — Yfirtækni á svæðinu í samstarfi við stofnanir á sviði nýsköpunar stöðvi við tækni- og sprotayfirtækni sem eru á svæðinu eða tengjast starfsemiinni þar. Áhugi tæknilýrtaðka verði vakinn á svæðinu. — Almenn mynd svæðisins tengist nýsköpun og þróun. Aðilar á svæðinu verði hvattir til útsöksna um rannsóknar- og þróunarstyrki hjá innlendum jafnt sem erlendum styrktarstjóðum.
Hvernig starfsemi viljum við ekki fá á svæðið? Kriteirur
Lista niður lyktiláðskoranir
Lista niður lyktiltækifæri
Samkeppnisgreining Uppbygging þróunustuðnaðar Þróunustuðnaður - uppbyggingaráætlun Laði að sér fjólfærþing og öflug yfirtækni sem nýti sér hafnarmannvirki og aðra innviði svæðisins
Efling á samvinnu við rannsóknar- og þróunarstofnanir háskólar, rannsóknarstofnannir, nemar, o.s.fv.
Þróunarverkefni, tækniþróun og nýsköpun
innviðir, umhverfismál, lömyrdarmál, nýsköpun- og þróunarverkefni, klasasamstarf og öryggismál.
Stöðugreining Fjárfesting í nýsköpun
Efla nýsköpunarmenningu innan fyrirtækja á svæðinu Upplysinga- og þjónustumístöð
Fjárfestar hafi aðgang að allri þjónustu á sama stað
Místöð visinda fræðna og atvinnuliðs
Místöð mennta og rannsókna
Místöð tækna og visinda
Místöð starfsmennta og ferma
Stýðja við rannsóknir og þróun, samstarf við atvinnulið og miðlun þekkingar
Aðstaða til rannsókna og tilrauna
Nýsköpunarhraðall - stjórnvæðgur, hafnarstarfsemi, eða þjærstarf og fyrirtæki geta selt alla heitsu ráðgjöf og upplýsingar á eimum stað.
Kynningar og lömyrdarmál
Hemasíða
Kynning á íslensku og ensku, þækingar, myndbönd o.s.fv.
Kynningar á ráðstefnum, fundum, alþjóðlegum vefvangi o.s.fv.
Víðhorf almennings, stjórnmála, hagamála
Svæðismyndgreining til að skýja umhverfið og skapa samleginglegan skýlinga á því hvað rétt sé að gera í dag til að
lömyr - þreitt og upplýsingar o.s.fv.
Upplysingar á ensku
Værdar verkefnisstis
tilráðgjöf, flutningar frá höfninni, umferð, o.s.fv.
Setja upp lista - svæðismýndina sem við viljum sjá á svæðinu
Setja upp lista af fyrirtækjum á svæðinu, staft löngva á þeim
Dæmi um verkefni - transformering lífa, Vaxa industries, o.s.fv.
Árið 2025 mun svæðið Sjá

Umhverfi
Lándrymi
Fullnýting hráefna, hlíðarstraum og úrgangs
Auðlindir - vatn (salt-/ferskt-), jarðhit (Lág-/há-), orka?, vindur,
Umhverfisvæn orka
Umhverfisvöktun
Greining á hlíðarstraumum og úrgangi
Dorláksskógar
Hydros
Umhverfisvöktun
Kolefnisbindingarverkefni
Föngun kolefnis
Nýting glatvarma
Skógrækt
orkuskipti í hafntengdri starfsemi með kaupum og uppsetningu á öflugri hraðhleðslustöð,
Vöktun og eftirlit umhverfisþátta
 Búlegur fjölbreytiskí
Endurvinnsla, sorphirði, förgun, förgunarsætanir o.s.fv.
Útreikningar á kolefnisfótspori
Ætlan um jöfnun kolefnisfótspors
Ásýnd og hönnun, umgengni, gestir
Mengunarvermi, ljós, hávaði, loftgæði, vatn/sjór o.s.fv.
Samstarfsvettvangur, fullnýting auðlunda, nýting hlíðarafurða o.s.fv.
Umhverfisvöktunarsætan - samþykkt af umhverfisstofnun, framkvæmd af öðrum aðila
Umhverfisstefna
Sjálfbærnisumgjörð - greining mikilvægisþátta fyrir mismunandi starfsemi sem á sér stað á svæðinu.
Mappa hringrásarhagkerfis garðsins
UFS / ESG þættir sem taka þarf tillit til í starfsemi garðsins
Aðstaða til viðtækna flutninga - hleðslustöðvar, athafnasvæði hleðslubúnaði á svæðinu er að hvetja til orkuskipta vinnuvæla sem tengjast hafntengdri starfsemi
Þróa orkuhöfn og staðbundna orkuframleiðslu
Aðferðir til að draga úr sjónrænum umhverfisáhrifum iðnaðarsvæðisins
Græn belti, skjól, jökvað sjónræn upplifun

Innvörðir
Inniváðslýsing - ath erlending samstarfsaðilar
Ljósleiðarategning,
Fjarskipti samgangna, rafmagns og fjarskipta. Vatnsveita er á sveðinu en ekki hitaveita
Orkusmið - orkusnotkun
Frávæita og sorphirða
Orkuflutningar - næg orka fyrir sveðið
Orkuþyggj, þrúðun vistvænnra orkulausna, Nýstíðir leiðir í notkun endurnýtanlegra orkulausna
Endurskiðgreining á megnflutningskerfi Landsnets
Öflugri orkusmiðvi og dreifikerfi, auk frekari þróunar á sjálfbærnum orkuþjófum sem styðja við vistvæn orkuskipti í samgöngum, vöruflutningum
Íbúar og samfélag
Íbúaþyggð og þjónusta starfsmenn
Mannauður
Uppbygging íbúaþyggðar og stoðþjónusta
Innvíðkun nýrra starfsmanna inn í samfélagið
Fjölskyldur, farandsverkamenn, erlend-innlend o.s.fv.-greining og þróun
Endur og símenntun - menntun í takt við starfsemi á sveðinu
Menntun, starfsþjálfun og færni, sérhætt þekking
Starfsmenntun, færniþróna og viðbótaþjálfun
Færni og starfsþjálfunaráætlun
Faramhaldsmenntun og færniþjálfun í samræmi við þarfir vinnumarkaðarins
Staðaræmi og fjarnám
Auka þátttöku starfandi fólks á sveðinu í rannsóknum, þróun og þekkingartækni
Samstarf við menntastofnanir
Íbúaþróun, meðalann, bíðlistar, þjónusta, afþreying o.s.fv.
Atvinnusvæðið - yfirlit yfir atvinnu og þjónustu á sveðinu
Greining á þáttum á fyrirtækjum sem verða hluti af grænum löngörðum - starfsmenn, menntun, laun, orku-/aðildandotkun, alfeidd störf, hliðarstraumur, hraefni, úrgangur, o.s.fv.
Öryggismál
Fræðsla og upplýsingaskylda í öryggismálum, kröfur verðandi aðbærni starfsmanna
Starfsmenn, vektakar, flutningsaðilar, gestir o.s.fv.
Vexterspá - bygðarþróun, stoðþjónusta
Samræmd öryggisstefta fyrir sveðið, aðbúnaður innan fyrirtækja, gestir, íbúar o.s.fv.
Skipulag
Landlanshönnun - sjá Kadeco
Greining á landsvæðinu - sjá Kadeco
Löðr
Skógarækt, göngustigar og útivistarsvæði
Aðferðir til að minnka vind, hægt að njóta útivistar allt ári
móttveigisáðgerðir, skógarækt, henna sandfok o.s.fv.
Aðferðir við skipulag göngustiga og útivistarsvæða til að lækma áhrif vðurs og vindar.

Stjórnun og skipulag
Mótun á hugmyndafræði
Greiningar
Tímarammi
Stjórnsýsla
Swiðsmyndagreining
Fysileikakönnun
Umbótaráætlun - endurskoðun og beturbætur
UNIDO staðlakerfið
Fjármögnun
Styrkjaumsóknir, orkusjóður, NPA, o.fl.
Fjármögnun undirbúnings og skipulagsfasans
Tekjumodel garðsins á starfstíma hans
Hvatakerfi, lívilanir, umhverfi
Stofnsjóðir með ákveðið markmið
Samgöngur og flutningar
Útbætur á vegasamgöngum, sveitarfélögum, Vegagæðni og stjórnsýslum að skipulagningu og framkvæmd.
Samgöngur
Vöruflutningar
Vistvænir flutningar á sjó og landi / fólks og vöru
Umferð í gegnum þorpið - lágmarka, hvernig og á hvaða tíma
Áðskilnaður vöruflutninga og almennar umferðar um svæðið.
Tæknifari á rafeldsneytirframleiðslu, vistvænir flutningar vöru og fólks
Tengipunktur / flutningar - kort og umfjöllun - hvernig man þetta þróast áfram
Snjallt, skilvirkt og aðgengilegt
Stigakerfi
Almenningssamgöngur
Vegasamgöngur
Heildræn hugsum á fólkaflutningum milli byggðarkjarna
Blálegur- gestir
Vörufutningastefna
Þarfagreining: Umfangsmestu vöruflokkarnir í flutningum til og frá svæðinu
Þ þetta úr aðstoðu fyrir virka ferðamóta meðfram helstu leiðum, auk þess að skapa aðlaðandi grænt belti um það svæðisins og á ákveðnum reitum innan þess